

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 212/1992.

Hólmgrímur Svanur Elísson

(Gylfi Thorlacius hrl.)

gegn

Hákoni Árnasyni

(Magnús Norðdahl hrl.)

Skaðabótamál. Líkamsmeiðingar. Lögreglumenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Hinn áfrýjaða dóm kváðu upp Þórdís Bjarnadóttir fulltrúi sem dómsformaður og meðdómendurnir Hjördís Hulda Jónsdóttir, sérfræðingur í orku- og endurhæfingarlækningum, og Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. maí 1992. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða sér 4.828.100 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 7. júní 1986 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Telja má ljóst, að áfrýjandi og stefndi hafi lent í átökum við Laugaveg 77 í Reykjavík aðfaranótt laugardagsins 7. júní 1986 og áfrýjandi tekið stefnda tökum í því skyni að færa hann að lögreglubífrið. Engir sjónarvottar hafa borið um það, hvernig átökum þeirra var nákvæmlega háttað. Meiðsla áfrýjanda er ekki getið í frumskýrslum lögreglu og ekkert skráð um þau fyrr en ellefu dögum eftir atburði. Frásagnir áfrýjanda af áverkum sínum hafa ekki verið fyllilega samhljóða, og nokkuð er óljóst, hvenær og hvernig vinnufélagar hans fengu vitneskju um þá. Sýnileg sönnunargögn eru haldlaus af þeim ástæðum, sem lýst er í héraðsdómi. Að þessu athuguðu verður að telja ósann- að, að stefndi hafi valdið áfrýjanda meiðslum með þeim hætti, sem

byggt er á í málinu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en þó með þeirri breytingu, að málskostnaður úr hendi áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti verður ákveðinn í einu lagi, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Hólmgrímur Svanur Elísson, greiði stefnda, Hákonni Árnasyni, 300.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 18. febrúar 1992.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 16. f. m., höfðaði Hólmgrímur Svanur Elísson lögregluamaður, kt. 180155-2449, Lundarbrekku 2, Kópavogi, með birtingu stefnu 7. desember 1989 gegn Hákonni Árnasyni verkamanni, kt. 260568-4699, Birkiteigi 26, Keflavík, til heimtu skaðabóta vegna tjóns, sem stefndi hafði valdið stefnanda 7. júní 1986 með því að ráðast á hann, er hann hafi verið við löggæslustörf og þurft að hafa afskipti af stefnda.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.828.100 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta auk málskostnaðar]. Auk þess greiði stefndi útlagðan kostnað vegna læknisvottorðs Páls Helgasonar, 5.360 kr., reikning Björns Önundarsonar, 8.980 kr., reikning Jóns Erlings Þorlákssonar, 10.800 kr., reikning Páls Helgasonar, 10.050 kr., reikning Jóns Erlings Þorlákssonar, 11.205 kr., reikning frá sama, 12.450 kr. Til vara er gerð krafa um lægri bætur og aðra vexti að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, til vara, að sök verði skipt og dómkröfur stefnanda verulega lækkaðar. Í varakröfu er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda og til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Samkvæmt skýrslu Bjarna Magnússonar lögreglumanns var beðið um aðstoð lögreglu laugardaginn 7. júní 1986 kl. 0.28 vegna handalögmála. Er hann kom á staðinn ásamt þremur lögreglumönnum öðrum, var þar fyrir mikill mannfjöldi og tveir menn í áflogum, og voru þeir skildir að. Þegar þeir voru að fara af stað, kom bifreiðin G-11411 akandi vestur Laugaveg.

Kom þá maður úr þvögu og sparkaði í bifreiðina og var færður í lögreglu-bifreið til lögreglustöðvar og reyndist vera stefndi í máli þessu. Tók flokkstjóri ákvörðun um geymslu hans í fangaklefa.

Hinn 18. júní 1986 mætti stefnandi hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík til skýrslugjafar. Kvaðst hann hafa verið við löggæslustörf aðfaranótt laugardags 7. júní í lögreglubifreiðinni (Volvo) R-20013 og sinnt beiðni um fjarskipti um aðstoð að Laugavegi 77. Þar hafi hópur fólks, u. þ. b. 10 manns, komið að bifreiðinni og látið ófriðlega. Kvaðst hann hafa kallað til frekari aðstoð, beðið um stóra lögreglubifreið, en farið síðan út úr lögreglubifreiðinni til viðræðu við fólkið. Fljótlega hafi komið í ljós, að stefndi í máli þessu var sakaður um að hafa skemmt bifreið með því að sparka í hana. Stefndi hafi neitað að koma inn í lögreglubifreiðina. Hann kvaðst þá hafa tekið um hönd hans og ætlað að leiða hann að lögreglubifreiðinni, en stefndi snúist til varnar og ætlað að slíta sig lausan. Þá kvaðst hann hafa tekið stefnda fastari tökum og tekið handlegg yfir um höfuð hans með þeirri ætlan að taka yfir um höku hans til þess að taka hann ekki háls-taki. Stefndi hafi hins vegar neytt bragðs og bitið hann í hægri upphandlegg í gegnum leðurjakkann. Hann hafi marist illa og verið með dofa í handleggnum síðan, sem leggi frá bitstað og niður í þumalfingur. Hann kvað smá-skinnsprettu hafa komið og örlítið hafa blætt. Strax um nóttina kvaðst hann hafa farið á slysideild og lækni þar skoðað áverkann, en ekki talið þörf aðgerða, þar sem ekki hafi verið um bit að ræða beint í húð, heldur hafi leðurjakkni verið þar á milli.

Í framhaldi af skýrslu stefnanda gáfu skýrslu hjá lögreglu lögreglumennirnir Bjarni Magnússon og Guðbrandur Hansson svo og stefndi.

Bjarni Magnússon kvaðst ekki hafa verið vitni að átökum aðila máls þessa. Hann hafi tekið að sér að rita skýrslu um handtöku stefnda, sem hafi verið hinn verstí viðureignar. Kvaðst hann ekki hafa minnst á meiðsl stefnanda, þar sem hann hefði ekki vitað neitt um þau.

Guðbrandur Hansson kvaðst hafa farið með stefnanda í umrætt sinn vegna útkalla að Laugavegi 77. Þeir hafi fyrst farið að mönnum nokkrum, sem voru í átökum, tekið einn inn í lögreglubifreiðina og haft afskipti af mönnum, sem veist höfðu að þeim manni. Bent hefði verið á stefnda sem upphafsmann átakanna, og hefði hann séð, er stefnandi fór til hans og bað hann að koma inn í lögreglubifreiðina. Stefndi hafi verið æstur og illur viðureignar, og hafi stefnandi og Jón Magnússon lögreglumaður tekið hann tökum og handjárnað og fært hann síðan í lögreglubifreið. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með átökum stefnda og ekki séð, er stefnandi tók hann haustaki því, er um ræðir.

Stefndi kvað upphaf málsins vera það, að í umrætt sinn hefði hann verið að tala við ókunnugan mann, sem var í bifreiðinni G-11411 við Landsbankann, Laugavegi 77. Sem þeir ræddust við, hefði maðurinn slegið út um opna bílrúðu beint í andlit hans. Kvaðst hann hafa reiðst og sparkað í bifreiðina, er henni var ekið brott. Bifreiðin hefði þá numið staðar og út úr henni komið tveir menn, sem hefðu verið í átökum við sig, er lögreglan kom. Hann kvaðst hafa verið mjög drukkinn og ekki muna neitt um atburði eftir þetta annað en það að hafa verið handjárnaður og settur inn í lögreglubifreið. Nánar spurður kvaðst hann ekki muna neitt eftir að hafa verið tekinn haustaki eða að hafa bitið í handlegg lögreglumanns.

Meðal málsskjala eru tvær ljósmyndir ásamt yfirlýsingu tæknideildar lögreglunnar í Reykjavík, dags. 9. 11. 1986, að mynd sé tekin 16. 6. 1986 af sári á hægri handlegg Svans Elíssonar lögreglumanns, „sem hann mun hafa fengið 7. 6. 1986, er hann var bitinn af Hákonni Árnasyni. Einnig er ljósmynd af leðurjakka, er Svanur var í, – hvernig flibbast hefur upp úr leðurjakknum“.

Við aðalmeðferð málsins 9. október 1990 gáfu skýrslur fyrir dóminum stefnandi og lögreglumennirnir Guðbrandur Hansson, Jónas Sigurður Magnússon og Herbert Hauksson. Við aðalmeðferð 16. janúar 1992 gaf stefndi skýrslu. Verður framburður þeirra rakinn eftir því, sem ástæða þykir til og, – að því er tekur til skýrslna þeirra, sem einnig gáfu skýrslu hjá lögreglu, – einungis um breytingar og viðauka við það, sem áður var frá greint.

Stefnandi kvaðst hafa orðið að skella stefnda í götuna, en ekki ráðið við hann. Jónas Magnússon hafi komið sér til aðstoðar og þeir saman komið handjárnnum á hann. Þá hafi hann orðið var við, að stefndi hafði bitið sig í hægri handlegg. Þetta hafi gerst, er þeir lágu í götunni. Takið hafi verið þannig, að hann sveigði vinstri handlegg stefnda aftur fyrir bak og greip hægri handlegg sínum fyrir munn hans. Stefnandi hafi snúið sér og læst tönnum í handlegginn. Hann kvað þessa aðferð, að grípa yfir munn, ekki vera kennda í lögregluskólanum, en „oft, ef maður tekur svona taki, þá slaknar í mönnum aðeins“. Stefnandi greindi frá meiðslum sínum á mismunandi hátt. Hjá lögreglu kvað hann örlítið hafa blætt og að smá-skinnspretta hefði komið. Fyrir dómi kvaðst hann fyrst hafa farið að líta á meiðslin niðri á lögreglustöð, og þá hafi seytilað svolítið blóð. Litlu síðar lýsti hann sárinu þannig: „Þetta var svona smámar, smátægjur, eins og það hafi verið nartað í, og rautt og blæddi mikið úr, ekki mikið bólginn.“ Er stefnandi kom fyrir dóminn öðru sinni í þinghaldinu, kvaðst hann hafa farið að athuga sárið, þegar er stefndi hafði verið handjárnaður og færður inn í lögreglubifreiðina, og hefði aðeins seytilað blóð. Rétt á eftir sagði hann, að sig minnti, að

hann hefði farið úr jakkanum á staðnum, síðan farið að tala um þetta eftir á, látið vita, að hann hefði verið bitinn, skoðað sárið á lögreglustöðinni, og hefði mikið blætt úr því. Jakki sá, sem stefnandi kvaðst hafa verið í, var lagður fram í málinu, með númerinu 136. Lögreglumönnum er skylt að bera númer, og kvaðst stefnandi hafa verið númer 66 í umrætt sinn, og hefði hann síðar breytt númerinu, sett það saman úr gömlum númerstólum „bara til þess að geyma þau“. Kvað hann jakkann ekki hafa verið notaðan eftir umrætt atvik.

Guðbrandur Hansson skýrði svo frá, að stefnandi hefði verið bitinn af manni þeim, stefnda, sem hann hefði handtekið umrætt sinn með aðstoð Jónasar Magnússonar. Kvaðst hann þó raunar aðeins hafa séð aðdragandann að handtökunni, þ. e., þegar stefnandi ætlaði að fara að tala við stefnda. Hann kvað stefnanda hafa strax kvartað undan meiðslum í handlegg og sýnt sér jakkann. Guðbrandur kvað fram lagðan lögreglumannsjakka vera þann, sem um ræðir í málinu. Hann kvað þá stefnanda hafa síðar um nóttina átt erindi á slysadeild og stefnandi þá látið lækni líta á meiðslin. Kvaðst hann hafa gleymt að geta þessa við skýrslugjöf hjá lögreglu. Aðspurður kvað hann það ekki venjuleg handtökubrögð að taka yfir munn hins handtekna, en sé við mjög æstan mann að eiga, sé reynt að taka hann hálstaki, handleggur lagður undir hökuna og manningnum haldið þétt að lögreglumanninum.

Jónas Sigurður Magnússon kvaðst hafa aðstoðað stefnanda við handtöku umrætt sinn á manni (stefnda), sem hefði barist stíft á móti, en þeir fengu hann niður í götuna. Í þeim átökum, í götunni, hefði stefnandi kveinkað sér við, að „hann sé að bíta“. Hann kvaðst hafa fylgst með því síðar sem vaktfélagi stefnanda og þátttakandi í félagsmálum (lögreglumanna), að stefnandi hélt áfram að bera sig illa undan þessum meiðslum og að hann var í rannsóknnum og æfingum vegna þeirra. Um handtökuaðferð, sem stefnandi lýsti yfir að hafa beitt, kvað hann hana ekki vera kennda í lögregluskólanum sem hefðbundna aðferð, en sjálfur hefði hann þar kennt þetta tak sem viðbótaraðferð, þegar aðrar þryti. Jónas Sigurður kvað fram lagðan leðurjakka vera þann hinn sama og stefnandi var í við handtökuna.

Herbert Hauksson kvaðst hafa verið á vettvangi og séð, að stefnandi reyndi að fá með sér mann, sem hefði verið æstur og erfiður viðureignar. Síðan hefði hann séð, að stefnandi lagði handlegg yfir höfuð mannsins og reyndi að teyma hann frá. Þegar á lögreglustöðina hafi verið komið, hafi stefnandi sýnt sér jakkann með gati og sár, greinilega nýtt, á handleggnum. Þetta hafi verið inni í skýrsluherbergi, en Bjarni Magnússon, sem gekk frá skýrslunni um handtökuna, hefði þá ekki verið inni. Herbert kvað fram

lagðan jakka vera þann hinn sama og stefnandi var í umrætt sinn og gatið hið sama. Hann kvaðst á þessum tíma hafa verið lögreglumaður nr. 154.

Fyrir dóminum skýrði stefndi frá atvikum á sama hátt í öllum meginatriðum og við lögreglurannsókn. Sem fyrr kvaðst hann ekki minnst þess að hafa bitið stefnanda. Hann kvaðst ekki vita til þess, að við handtökuna hefði neitt verið rætt um það við sig, að hann hefði valdið lögreglumanni skaða. Hann kvað sér hafa verið stungið inn og sleppt um morguninn, eftir að hann hafði greitt sekt fyrir ölvun á almannafæri, en engin skýrsla verið tekin.

Í málinu hafa verið lögð fram læknisvottorð Björns Guðmundssonar, heimilislæknis stefnanda, dags. 20. 6. 1986, Sverris Bergmanns taugasjúkdómafræðings, dags. 22. 8. 1986 og 12. 6. 1990, og Páls B. Helgasonar yfir-læknis, sérfræðings í orku- og endurhæfingarlækningum, dags. 10. 7. 1987 og 16. 3. 1990.

— — —

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að ljóst sé, að stefndi hafi með ásetningi og/eða gáleysi valdið sér tjóni, og beri honum að bæta það að fullu á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og annarra reglna íslensks skaðabótaréttar. Einnig er vísað til 5. gr. laga nr. 56/1972. Vaxtakröfur eru reistar á lögum nr. 25/1987 og 175. gr. laga nr. 851/1936, sbr. lög nr. 54/1988.

Sundurliðun dómkröfu stefnanda er þannig:

Varanleg örorka	kr.	4.502.700
(Til frádráttar greiðslur:		
a) frá Tryggingastofnun ríkisins	—	286.787
b) samkvæmt launþegatryggingu	—	180.520)
Miskabætur	—	793.707
	Samtals	kr. 4.828.100 (?)

Af hálfu stefnda var því haldið fram og rökstutt með tilvísunum, að lýsing stefnanda á málavöxtum væri í verulegu ósamræmi við gögn þau, sem af hans hálfu væru lögð fram. Hann féll þó við aðalmeðferð málsins frá kröfu um frávísun, sem hann hafði sett fram í greinargerð.

Sýknukrafa stefnda er aðallega á því reist, að ósannað sé, að stefnandi hafi verið bitinn í átökum aðfaranótt 7. júní 1986. Teljist á hinn bóginn sannað, að stefnandi hafi slasast í umrætt sinn, er byggt á því, að ósannað sé, að stefndi hafi átt þar hlut að máli. Teljist sannað, að stefnandi hafi slasast í átökum við stefnda, er byggt á því, að stefnandi geti sjálfum sér um

kennt, hvernig fór. Þá er því haldið fram, að ósannað sé, að orsakasamband sé á milli ætlaðs bits og metinnar örorku.

Verði sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina, er þess krafist, að sök verði skipt og dómkröfur lækkaðar verulega, vegna þess að stefnandi hafi sjálfur átt verulegan þátt í því að meiðast með því að beita ónauðsynlegum og harkalegum tókum. Krafa um lækun er einnig studd röksemdum, er varða útreikning örorkubóta, og um miskabótakröfu er vísað til þess, að hún sé langt umfram áratuga-dómvenjur Hæstaréttar Íslands. Vaxtakröfum er mótmælt sem allt of háum.

IV.

Dómurinn gerir eftirfarandi athugasemdir við sönnunargögn málsins:

1. Í lögregluskýrslu, sem gerð var um handtöku stefnda, kemur ekkert fram um, að stefnandi hafi verið bitinn af stefnda eða að öðru leyti orðið fyrir meiðslum. Stefnandi gerir ekki uppskátt við yfirvöld um það fyrr en ellefu dögum síðar. Í lögregluskýrslu, sem tekin var af Guðbrandi Hansyni, minnst hann ekki á bit, hvorki hann né stefnandi gátu þess við lög-
reglurannsókn, að þeir hefðu farið á slysadeild umrædda nótt.

2. Vottorð slysadeildar um skoðun lækni á áverka stefnanda var ekki lagt fram.

3. Stefnandi varð margsaga í lýsingum á sári því, sem hann kvaðst hafa hlotið við bit stefnda.

4. Fram lagðar ljósmyndir gefa enga vísbendingu um það, hver myndefnin voru, ekki, hvort eða hvaða maður á í hlut, hvort um handlegg er að ræða eða jakka og þá hvaða jakka.

5. Fram lagður lögreglujakki ber númerið 136, en stefnandi var á þeim tíma, er ætlaður atburður varð, lögreglumaður nr. 66. Jakkinn er án allra auðkenna að númeri undanskildu. Engu að síður staðhæfðu vitnin Jónas Sigurður Magnússon og Herbert Hauksson, að jakkinn væri sá hinn sami og stefnandi var í við handtökuna. Jakkinn, bæði leðurbyrði og fóður, er úr þykku og vönduðu efni. Rifan á honum er þannig, að traudla verður ályktað, að hún sé eftir bit manns, og staðsetning hennar kemur ekki vel saman við lýsingu á staðsetningu sárs. Á fóðrinu, sem er gegnheilt, er ekki að sjá nein ummerki blóðs.

6. Um lækni-fræðileg gögn málsins: Nákvæm tauga- og vöðvaskoðun leiddi ekki í ljós skemmd á taug. Þá niðurstöðu staðfestir vöðva- og taugarit.

Fjórar miðtaugar sjá um taugastjórnun handar og handleggs. Nervus musculocutaneus sér um beygju í olnboga og húðskyn framan- og utanvert á framhandlegg. Nervus medianus, sem liggur framanvert niður handlegg,

sér um beygjustarfsemi í úlnlið og fingrum auk þess að færa þumal inn í lófa. Það skynsvæði, sem hún sér um, er inni í lófa, frá þumalfingri og að hálfum baugfingri. Hún sér einnig um ranghverfingu (pronation), það að snúa lófa niður. Hún gefur ekki frá sér neina grein á upphandlegg. Nervus ulnaris sér um að beygja úlnlið litlafingurs megin og litlafingur. Hún sér auk þess um að draga þumalinn inn að hendi og draga fingur saman út frá miðlínu. Það skynsvæði, sem hún sér um, er handarbak og lófi litlafingurs megin, litlafingur og mestur hluti baugfingurs. Nervus radialis réttir úr olnboga, úlnlið og fingrum. Hún sér auk þess um réttthverfingu handar, þannig, að þumalfingur vísi út og lófi upp. Hún sér einnig um að rétta þumalfingur út frá hendi. Skynsvæðið, sem hún sér um, er handarbakið frá I. til III. eða IV. fingurs, nema svæðið í kringum neglur fær oftast sína skynjun frá nervus medianus. Lítil taug, medial cutaneus nerve, sér um skyn á upphandlegg framanverðum. Hún er aðeins skyntaug.

Aðspurður í réttarhaldinu sagði stefnandi, að sársaukinn, sem hann fann fyrir við bitið, hefði verið í sárinu og að hann með tímanum hefði leitt alveg niður í handlegg, þumalfingur og allt handarbakið. Því hafi fylgt dofi, hiti og sviði. Einkenni hafi alltaf komið annað slagið og ekki háð neinu sérstöku. Hann segist eiga erfitt með að snúa skrufjárnri t. d. svo og opna ölflösku, og það sé verkur, sem stoppi hann, sem leiði í handarbakið.

Skoðun á húð stefnanda hefur leitt í ljós smáör yfir medianus taug. Sár, sem heimilislæknir fann á upphandlegg viku eftir ætlaðan áverka, var á svipuðu svæði. Vöðva- og taugarit af taugum handar sýndi ekki fram á neina skemmd á taug. Þau einkenni, sem stefnandi lýsir, er erfitt að færa upp á nervus medianus.

Aftur á móti við skoðun Sverris Bergmanns og við fyrstu skoðun Páls Helgasonar virtist hann vera með eymslu í vöðvafestum í kringum olnboga. Sársauka frá slíkum vöðvafestum getur leitt fram í framhandlegg og handarbak, þegar átak er sett á réttivöðva handarinnar.

Af framangreindu leiðir, að ekki hefur verið sýnt fram á neina skemmda taug, en aftur á móti verður því ekki neitað, að stefnandi hafi orðið fyrir áverka af einhverjum orsökum, sem hafi valdið ertingu í vöðvafestum og geislandi sársauka fram í hönd, þegar verið er að nota hana. Slík einkenni geta verið langvinn. Þau geta bæði stafað af bólgu í vöðva, en einnig af miklu vöðvaátaki. Sársauka er ekki hægt að mæla, og ekki verður heldur sýnt fram á ertingu í vöðvafestum með neinni áreiðanlegri rannsóknartækni, sem til er í dag.

Um svör læknaáðs við spurningum réttarins, eins og að framan greinir, athugast eftirfarandi: Fyrstu spurningu er ekki svarað um það, hvort sárið

gæti litið þannig út níu dögum eftir áverka. Ekki kemur fram í svari við annarri spurningu, um hvaða miðtaug sé að ræða (sjá nánar lýsingu á taugum og útbreiðslu þeirra hér að framan). Í svari við þriðju spurningu kemur fram, að ósennilegt sé, að skemmd í taug hafi stafað af þrýstingi á hana við skyndilegt vöðvaátak eða um hafi verið að ræða tog á taug. Þetta svar tekur ekki afstöðu til þess, hvort einkenni geti verið frá vöðvafestum.

Með vísan til framanritaðs kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að ekki sé sannað, að stefndi hafi bitið stefnanda. Samkvæmt því verður niðurstaða dómsins sú, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda og dæma beri stefnanda að greiða stefnda 300.000 kr. í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hákon Árnason, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hólmgríms Svans Elíssonar.

Stefnandi greiði stefnda 300.000 kr. í málskostnað.
